

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Haraldi Einarssyni.

1. Hvað eru margar einbreiðar brýr á vegum landsins þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. og hvar eru þær, skipt eftir kjördæmum annars vegar og hins vegar sveitarfélögum?
2. Er til áætlun í ráðuneytinu um að ljúka tvöföldun þessara brúa?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fækka einbreiðum brúm og ef svo er, munu merki þess sjást í næstu samgönguáætlun?

Skriflegt svar óskast.